



## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skrifstofa Alþingis - nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 3. maí 2024

2404035SA VRB  
Málalykill: 00.63

### **Efni: Umsögn um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun, 900. mál og þingsályktun um uppbyggingu vindorkuvera, 899. mál.**

Vísað er til tölvupóst frá nefndarsviði Alþingis, dags. 19. apríl sl., þar sem óskað er eftir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um frumvarp til laga um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun (virkjunarkostir í vindorku), 900. mál og tillögu til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu vindorkuvera á Íslandi, 899. mál.

Líkt og fram kemur í frumvarpinu er tilefni fyrirhugaðrar lagasetningar að ná fram því markmiði að einfalda og flýta uppbyggingu vindorkuvera til vinnslu á grænni orku en um leið að reyna að lágmarka umhverfisáhrif vegna þeirra eins og kostur er.

#### **Afstaða Sambandsins**

Í stefnumörkun Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árin 2022-2026 segir m.a.:

*Mótuð verði stefna og lagaumhverfi um uppbyggingu og starfsemi vindorkuvera.*

*Í stefnumörkun stjórnvalda í raforkumálum verði áfram lögð rík áhersla á náttúruvernd en einnig verði lagt mat á samfélagsleg og efnahagsleg áhrif virkjana ásamt þörf fyrir raforkuöryggi um allt land*

*Skipulagsvaldið er einn af hornsteinum sjálfstjórnarréttar sveitarfélaganna sem skal virða og ná til alls lands sem og haf- og strandsvæða.*

Samband íslenskra sveitarfélaga telur jákvætt að unnið hafi verið markvisst að því að móta stefnu og lagaumhverfi um vindorku en hefði þó kosið að stefnunni fylgdi aðgerðaáætlun þar sem fram kæmi hvernig hrinda ætti áætluninni í framkvæmd. Þá er það jákvætt að lagafrumvarpið gerir ráð fyrir að endanleg ákvörðun um það hvort virkjunarkostur rísi á tilteknum stað sé á forræði viðkomandi sveitarfélags ólíkt því sem almennt tíðkast um nýtingu staðbundinna takmarkaðra auðlinda landsins. Heilt yfir er því þingsályktunin og frumvarpið í samræmi við stefnumörkun sambandsins eins langt og hún nær. Rétt er hins vegar að áréttta að auðvitað kunnir að vera skiptar skoðanir meðal sveitarfélaga á því hvort að vindorkukostir eigi að

fylgja sömu málsmeðferð og aðrir virkjunarkostir, þ.e. heyra undir verndar- og orkunýtingaráætlun. Jafnframt geta verið skiptar skoðanir á því hvort að almennt eigi að nýta þennan virkjunarkost sem og hvort að þær takmarkanir sem settar eru á staðsetningu vindorkuvera séu of þröngar eða of víðar. Má í því sambandi m.a. benda á umfjöllun í umsögn Samtaka orkusveitarfélaga þar sem gerð er athugasemd við að landssvæði innan B-hluta náttúruminjaskrár og svæði innan marka friðlýstra menningarminja séu sjálfkrafa undanskilin öllum möguleikum til vindorkunýtingar.

### **Skattlagning orkuvinnslu**

Í þingsályktuninni er nokkuð fjallað um skattumhverfi orkuframleiðslu og m.a. vísað til starfshóps fjármála- og efnahagsráðherra sem skilaði skýrslu í janúar sl. þar sem farið er yfir valkosti varðandi skattlagningu orkuvinnslu. Í skipunarbréfi hópsins var sérstaklega tiltekið að hann skyldi hafa það að markmiði að skapa nýja skattalega umgjörð og kanna leiðir til að ávinningur vegna auðlindanýtingar, þ.m.t. vegna orkuframleiðslu, skili sér í ríkari mæli til nærsamfélaga og þeirra aðila sem fyrir áhrifum verða. Í þingsályktuninni segir jafnframt að til að virkjunarkostir í vindorku verði að veruleika sé mikilvægt að ekki verði einungis tryggt að verðmætasköpun sem hagnýtingin hefur í för með sér skili sér til samfélagsins alls, heldur þurfi jafnframt að tryggja að nærsamfélagið eða nærumhverfið njóti sérstaks ávinnings af starfsemi, umfram hefðbundnari virkjunarkosti. Það er því að verða almennt viðurkennt að núverandi skattumhverfi er ekki að skila sanngjarnri hlutdeild til nærsamfélagsins og að nauðsynlegt sé að gera breytingar á því. Í því samhengi er rétt að benda á þá afstöðu sem kemur fram í umsögn Samtaka orkusveitarfélaga að áður en uppbygging vindorkuvera hefjist hér á landi þurfi Alþingi að tryggja sanngjarna hlutdeild nærsamfélaga. Þá er einnig bent á að eðlilegra sé að Alþingi fjalli heildstætt um lagaumhverfi raforkuframleiðslu, þ.e. fjalli samhliða um skattlagningu, endurskoðun laga um verndar- og orkunýtingaráætlun sem nú stendur yfir og um vindorkuna. Það sést berlega á þeirri afstöðu hversu þung áhersla er lögð á að gerðar verði breytingar á skattumhverfinu.

Sambandið hefur lengi bent á að það telur eðlilegt að orkumannvirki skuli bera fasteignaskatt og afnema skuli því undanþágu 3. tölul. 26. gr. laga nr. 6/2001 um skráningu og mat fasteigna. Þá er einnig ljóst að ef markmið stjórnvalda er að vindorkuver verði ein af undirstöðum raforkuframleiðslu á Íslandi er farsælast að sveitarfélög sem verða fyrir áhrifum af slíkri starfsemi njóti verulegs ábata af þeim verðmætum sem sköpuð eru í vindorkuverum. Mikilvægt er því að hraða vinnu við endurskoðun á skattlagningu orkuvinnslu.

## Stjórnsýsla vegna uppbyggingar vindorkuvera

Verði þingsályktunartillagan og frumvarpið samþykkt á Alþingi liggur fyrir að sveitarfélög munu gegna lykilhlutverki í tengslum við leyfisveitingar vegna vindorkuvera vegna skipulags á viðkomandi svæði, byggingarleyfa sem og framkvæmdaleyfi. Í frumvarpi er þó að takmörkuðu leyti gerð grein fyrir því hvernig stjórnsýsla sveitarfélaga skuli taka við hinu nýja verkefni sem felst í mati á því hvort reisa eigi vindorkuver innan marka sveitarfélagsins. Fyrir liggur að deilur hafa staðið um uppbyggingu og aðdraganda byggingar vindorkuvera og gera má ráð fyrir að bæði framkvæmdaaðilar sem og andstæðingar uppbyggingar vindorkuvera muni láta reyna á réttindi sín í tengslum við ákvarðanir sveitarfélaga. Mikilvægt er því að unnar verði skýrar leiðbeiningar um málsmeðferð og jafnframt þarf að huga að endurskoðun á öðrum lögum og reglum sem til álita koma. Má þar t.d. nefna að skýra þarf hvernig haga á samráði og ákvarðanatöku milli aðliggjandi sveitarfélaga. Skiptir hér verulegu máli að ekki er sérstök löggjöf á Íslandi er tengist grenndaráhrifum eða nábylissrétti, öfugt við það sem á við t.d. í öðrum Norðurlöndum.

### Að lokum

Sambandið leggur höfuðáherslu á að lokið verði við endurskoðun á skattlagningu orkuvinnslu eins og rakið er hér að framan enda ljóst að sanngjarnara kerfi sem skilar sér í auknu mæli til nærsamfélagsins er að mati sambandsins forsenda þess að hægt sé að ráðast í framkvæmdir við orkuvinnslu í sátt við sveitarfélögin.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

*Valgerður Rún Ben.*

Valgerður Rún Benediktsdóttir  
yfirlögfræðingur